

HÖSKULDUR BALDVINSSON

S k ý r s l a

MÁLASAFN

yfir ferð um Vestfirði 12-16 júlí 1944

442.22 - Mi

Tilgangur fararinnar var athugun á hentugustu leiðum fyrir háspennulínur um Vestfirði, frá Dynjanda. Jafnframt athugaði ég virkjunaraðstoðu við Dynjanda og Kjólka ásamt Finnboğa R. Þorvalds-syni verkfræðingi, sem var með í förinni.

Við fórum frá Reykjavík með Esju 12. júlí og komum til Patreksfjarðar að morgni 13. júlí. Finnboği hélt áfram með Esju til Bíldudals en ég fór ríðandi frá Patreksfirði um Lambeyrarháls til Tálknafjarðar á bát yfir Tálknafjörð og þaðan ríðandi yfir Tunguheiði til Bíldudals.

Frá Bíldudal fórum við Finnboği 14. júlí að morgni á mótorbát inn að Dynjanda gengum þann dag upp að Eyjarvatni og fórum um kvöldið með vélbát að Borg. Daginn eftir (15. júlí) gengum við upp með Kjólka að fyrirhuguðum inntökustað fyrir Kjólkarvirkjun. Finnboği snéri þar við og fór niður til Borgar og þaðan til Bíldudals og Reykjavíkur en ég gekk ásamt fylgdarmanni, Guðmundi Helga frá Borg, ofan við efstu drög Hofsár yfir Glásm rétt neðan (vestan) við Sjónfríð og niður í Dýrafjarðar botn. Þaðan fór ég um kvöldið með vélbát til Þingeyrar. Daginn eftir (16. júlí) fór ég á bíl inn á Hrafnseyrarheiði og síðar um daginn með bíl til Ísafjarðar. Eftir nokkurra daga dvöl á Ísafirði fór ég með skipi til Reykjavíkur.

Vestfjarðarveitur

Um línuleiðir:

A. Suðurálma. Frá Dynjandisvirkjun til Patreksfjarðar eru aðallega um eina leið að ræða. Það er út skagann, sem aðskilur Suðurfirði og nyrðri hluta Arnarfjarðar, yfir Mosdal, framan við Skarðagnúp, yfir Suðurfirði í sæstreng til Bíldudals. Þaðan yfir Tunguheiði eða Hálfán að Sveinseyri í Tálknafirði, í sæstreng yfir Tálknafjörð og yfir Lambeyrarháls til Patreksfjarðar.

Hér verður leiðinni lýst stuttlega eins og hún kom mér fyrir sjónir á leiðinni frá Patreksfirði til Dynjanda.

1) Patreksfjörður til Tálknafjarðar.

Frá Patreksfirði (Vatneyri) er leiðin í austur eftir svo nefndum Litladal upp á Lambeyrarháls. Dalurinn er grasi vaxinn neðan til en þó mjög grýttur, en er kemur upp fyrir um 100 m. hæð y.s. og upp í um 300 m. hæð er hann að mestu þakinn gömlum grjótskriðum. Hlíðar dalsins eru ekki mjög brattar og línustæði virðist þar gott. Gömul rudd hestagata liggur upp dalinn. Þyrfti að breikka hana lítið eitt svo hún yrði fær fyrir dráttarvél. Frá um 300 m. hæð upp á há-hrygg Lambeyrarhálsins, sem er um 420 m. hár, eru hallalitlir melar, víðast hvar færir dráttarvél allt niður í ca. 240 m. hæð Tálknafjarðarmegin, þá tekur við allbrattur kletthjalli niður undir bæinn Stekkjabakka á suðurströnd Tálknafjarðar. Heppilegast virðist að leggja línuna á ská

frá veginum á miðjum Tunguhálsi hér um bil beina stefnu á þvinn. Snjóþyngsli eru lítil á hálsinum og lítil ísinga hætta er talin þar.

Línuleiðin frá Vatnseyri að Stekkjabakka er um 7 km. Frá Stekkjabakka liggur sástrengur þvert yfir Tálknafjörð á Sveinseyrarodda. Lengd hans er um 0,5 km.

2) Tálknafjörður til Bíldudals.

Hér er um tvær leiðir að velja:

Ytri leiðin er frá Sveinseyrartanga upp Tungudal og upp á Tunguheiði. Og á ská inn (austur) á Hálfðánarveg og síðan meðfram veginum niður í Bíldudal.

Leið þessi er all brött og grýtt austan til (Tálknafjarðarmegin) og erfitt að flytja efni í línuna, en að vestan (Bíldudalsmegin) er bílfær vegur nokkuð upp með Langá, eða um 2-3 km. frá Bíldudal en vel ruddur hestvegur er alveg upp á há hrygg fjallsins (Kjöl).

Snjóþyngsli muni ekki vera á fjallinu og líklegt að lína myndi standa þar vel en flutningur og lagning línunnar er erfiðleikum bundið einkum á svæðinu frá Sveinseyri og yfir á Hálfðánarveg.

Vegalengd frá Sveinseyri að Haganesi austan Bíldudalsvogs er 14-15 km.

Innri leiðin er frá Sveinseyri inn með Tálknafirði, upp Gilsdal og meðfram Hálfðánarvegi upp á Kjöl og síðan sömu leið og áður var lýst til Bíldudals.

Línustæði virðist fremur gott þessa leið og flutningar á línuefni eru tiltölulega léttir því bílfær vegur er báðumegin við

fjallið og samilegur hestavegur yfir það sjálf, mesta hæð y.s. er um 500 m.

Vegalengd frá Sveinseyri að Haganesi, austan við Bíldudalsvog er um 16,5 km.

3) Bíldudalur til Dynjanda.

Hér að framan er gert ráð fyrir að háspennulínan frá Tálknafirði fari sunnan við Bíldudalsvog að Haganesi og þarf þá 1-2 km. langa þverlínu innan við botn vogsins til Bíldudalskaupþings.

Frá Haganesi fer sæstrengur styttestu leið yfir Suðurfirði í stefnu á Skarðagnúp og kemur á land um það bil miðja vegu á milli Langaness og Breiðubótar. Lengd sæstrengsins yrði þá um 4 km.

Frá landtökustað sæstrengsins fer háspennuloftlínan beint upp hlíðina sem liggur milli Langaness og Breiðubótar. Hlíð þessi er brött og nokkrir klettar í efstu brún hennar, en ekki virðast sérstakir erfiðleikar að leggja línu upp hlíðina, enda er hæð hennar tæpl. 200 m.

Af hlíðarbrúninni að norðan fer línan niður í Hókinsdal, hér um bil 2 km. utan við samnefndan bæ, þvert yfir dalinn og rétt norðan við Skarðagnúp að suðurströnd Borgarfjarðar. Þar beygir línan inn með Borgarfirði, örskammt frá sjó, inn að orkuveri Dynjanda við Dynjandisvog.

Línuleiðin á þessu svæði virðist góð og torferulaus. Að flutningar á línuefni eru hægir því mestan hluta leiðarinnar liggur línan rétt við sjó.

Línuleiðin frá Suðurfjörðum að Dynjanda er um 15,5 km. löng en frá Patreksfirði að orkuveri Dynjanda eru lengdirnar

samtals:

Loftlínur um 39 km.

Sæstrengir um 4,5 km.

B. Norðurálma. Frá Dynjandisvirkjun til Ísafjarðar er aðallega um eftirtaldar leiðir að velja:

- a) Frá Dynjanda innan við Dynjandisvog og Borgarfjörð, yfir í Dýrafjarðarbotn rétt vestan við Glámu (Sjónfríð) út með Dýrafirði að norðan og yfir Gemlufallsheiði og Breiðdalsheiði.
- b) Frá Dynjanda innan við Dynjandisvog og Borgarfjörð, út með Borgarfirði og Arnarfirði að norðan til Hrafnseyrar, yfir Hrafnseyrarheiði, í sæstreng yfir Dýrafjörð og síðan Gemlufallsheiði og Breiðdalsheiði.
- c) Frá Dynjanda út norðurströnd skagans, sem aðskilur suðurfirði og norðurhluta Dýrafjarðar (sömu leið og suðurálman), í sæstreng yfir nyrðri hluta Arnarfjarðar til Hrafnseyrar og síðan sömu leið og b.b. Þessa leið mætti nefna Skarðanúpsleið. Verður línuleiðunum stuttlega lýst hér á eftir.

A. Glámuleið.

1) Frá Dynjanda til Dýrafjarðar.

Frá Dynjandisvirkjun virðist heppilegast að þræða ströndina innan við Dynjandisvog og neðst í Mjólkárhlíð að fyrirhuguðu orkuveri Mjólkár hjá Borg. Línustæði virðist gott og örugt og aðflutningar hægir (frá sjó).

Vegalengd frá Dynjandisvirkjun að Mjólkársvirkjun er um 7 km. Frá Orkuverinu við Mjólká er línuleiðin skammt ofan við bæinn Borg

inn í Hofsdal og síðan upp með Hofsa upp í um 500 m. hæð y.s. Þennan hluta leiðarinnar er fremur gott línustæði, graslendi neðan til en grjóturðir og melar ofar. Bratti er mikill ofan til og erfiðir flutningar.

Í um 500 m. hæð y.s. beygir línan nær því í hánorður og heldur þeirri stefnu upp á Kjöl (hæsta hrygg fjallgarðsins milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar) tápl. 2 km. beint í vestur af Sjónfríð. Þessi hluti leiðarinnar er ekki mjög brattur en grýttur og illur yfirferðar. Þar sem línan liggur yfir Kjölinn er hún í um 750 m. hæð y.s.

Frá Kili heldur línan óbreyttri stefnu norður austan við botn Dýrafjarðar niður snarbratta brekku sem þakin var þykkum skafli, eða jökli er ég fór um hana (15. júlí). Þó örlaði á nokkrar klettaurðir upp úr snjónum í tápl. 700 m. hæð og einstakir klettur eða sker standa hér og þar upp úr snjónum í 600-700 m. hæð.

Um 1 1/2 km. norður af Kili og í um 600 m. hæð beygir línan í nærri því hávestur og fer niður með Botnsá niður að fjarðarbotninum. Þar sem línan beygir er dálítill hjalli en neðan við hann snarbrött brekka (þakin snjó) niður í tápl. 500 m. hæð en þar neðan við nokkrir smá hjallar og brekkur á milli niður í um 400 m. hæð en úr því að mestu aflíðandi halli niður að sjó.

Línuleiðin yfir fjallgarðinn, niður í 400-500 m. hæð hvorumegin, er mjög óálitleg og sérstaklega erfitt að leggja þar línu. Um snjóflóðahættu virðist mér þó ekki vera um að ræða, en snjóþyngsli eru mjög mikil. Um ísingarhættu er ekki að ræða.

Vegalengd frá orkuveri við Mjólka í Dýrafjarðarbotni (niður að sjó) er um 13-14 km., þar af um 5-6 km. ofan við 400 m. hæð.

Leiðin út með Dýrafirði. Hér er um tveir leiðir að velja, sunnan eða norðan fjarðarins. Nyrðri leiðin liggur beinna við og hefur þann kost að ekki þarf að þvera Dýrafjörð með sæstreng fyrir aðal-línuna norður, en hún hefur þann ókost að snjóflóðahætta er talin vera þar. T.d. skýrði fylgdarmaður minn, Guðmundur Helgi, svo frá að í togarabylnum svonefnda 7-8 febr. 1925 hafi fallið snjóflóð á bæinn í Botni og að þá hafi fallið svo að segja samfelld snjóflóð frá Botni og alveg út á Valseyri, eða á um 3-4 km. vegalengd. Vegna snjóflóða-hættunnar verður að telja leiðina norðan Dýrafjarðar ófara.

Leiðin sunnan Dýrafjarðar virðist vera mjög góð og torfærulaus. Snjóflóðahætta er talin lítil en um skriður eða grjóthrun getur verið að ræða í einstöku stað, en það er auðvelt að leggja línuna þannig að henni stafi ekki hættu af því. Flutningar eru mjög auðveldir því línan liggur niður við sjó.

Beinast liggur við að leggja loftlínuna útundir Þingeyri og þvera Dýrafjörð undan Höfðaðda, en þar liggur sæsími yfir og er vafamál að hægt væri að leggja sæstreng upp á oddann í nægilegri fjarlægð frá sæsímanum. Verður þessvegna að telja réttara að leggja norðurálmú háspennulínunnar í sæstreng norður yfir Dýrafjörð hjá Hvammi og þverlínu þáhan til Þingeyrar. Lengd þverlínunnar er um 2 km. Lengd háspennuloftlínunnar frá fjarðarbotninum og út að Hvammi er um 12 km. Öll vegalengdin frá Mjólkársvirkjun að Hvammi í Dýrafirði er um 26 km. en frá Dynjanda um 33 km.

2) Frá Dýrafirði til Ísafjarðar.

Frá Hvammi í Dýrafirði fer sæstrengur þvert norður yfir fjörðinn, hér um bil mitt á milli Höfða og Næfraness. Lengd sæstrengsins er um

1,3 km. Þaðan fer loftlína út með firðinum að Gemlufalli, beygir þar norður Gemlufallsheiði til Önundarfjarðar hjá Mosvöllum, þvert yfir fjörðinn á Vöðum og út með honum að norðan að Breiðdal. Öll þessi leið er góð og torfarulaus. Flutningar eru auðveldir því línan liggur meðfram góðum vegi. Yfir Önundarfjörðinn - um 700 m. vegalengd - eru leirur sem sjór fellur yfir með flóði.

Frá Breiðdal fer þverlína, út frá aðallínunni, til Flateyrar. Línulengdin frá Dýrafirði að Breiðdal í Önundarfirði er um 18 km. og þverlínan til Flateyrar um 7 km.

Frá Breiðdal heldur aðallínan norður áfram upp dalinn um Skógabrekkur og í gegnum Breiðdalsskarð nálægt því sem vegurinn liggur, í rúnl. 600 metra hæð y.s. Þessi leið er all snjóþung ofan til og nokkur snjóflóðahætta sumstaðar.

Þó virðist hægt að byggja samilega örugga línu með því að hafa löng stólpahöf og setja stólpana þar sem minnst hættu er. Flutningar á línuefni eru fremur hægir því línan er nærri veginum.

Norður úr Breiðdalsskarði fer línan meðfram veginum niður undir efstu drög Dagverðardals. Þar, í hér um bil 450 metra hæð, greinist Súgandafjarðar- og Bolungavíkurlína út frá aðallínunni en hún beygir austur, ofan við Dagverðardal, niður að orkuverinu í Engidal.

Línulengd frá Breiðdal í Önundarfirði að greinistað Súgandafjarðarlínu er um 7 km., en um 12 km. að orkuverinu í Engidal.

Frá Hvammi í Dýrafirði eru um 30 km. að orkuverinu í Engidal. Súgandafjarðarlína greinist, eins og áður er sagt, frá aðallínunni neðan við Breiðdalsskarð. Línan fer í nærri háerður, skammt frá Súgandafjarðarvegi, stutt sunnan við Búrfell. Austan við fellid

greinist Bolungarvíkurlína út frá henni, en Súgandafjarðarlína beygir til vesturs, niður í Botnsdal og eftir honum viður að botni Súgandafjarðar og út með firðinum að sunnan, til Suðureyrar.

Línuleið þessi virðist fremur góð. Snjóþyngsli eru þó nokkuð mikil en snjóflóðahætta er ekki talin veruleg. Línan liggur alla leið meðfram samilegum vegi. Línulengd frá greinistað við Breiðdalsskarð að greiningu Bolungarvíkurlína er um 2,0 km. en frá Breiðdalsskarði að Suðureyri um 14 km.

Bolungarvíkurlína greinist, eins og áður er sagt, út frá Súgandafjarðarlínu rétt austan við Búrfell. Fyrst fer hún í norðaustur rétt austan við fjallið en beygir síðan meira til norðurs í skarð hjá Svarthamri, rétt austan við Kistufell.

Skarðið er í rúml. 700 m. hæð y.s. Úr skarðinu fer línan norður austast á Gilsbrekkuheiði, vestan við Miðmundahæðir og niður á milli Tröllár og Fossár í Bolungar rétt við bæinn Gil. Leið þessi er allsnjóþung en torfarulaus nema hvað nokkuð bratt er upp í skarðið við Kistufell. Lengd línunnar frá greiningu við Búrfell að Gili er um 7 km.

Frá Gili að Bolungarvík er sléttlent og samlegur vegur. Vegalengd er um 5 km.

Vegalengd til Bolungarvíkur frá greinistöð Súgandafjarðarlínu er um 12 km. en frá greinistöð aðallínunnar um 14,5 km.

b) Hrafnseyrarleið. Frá Dynjanda að orkuveri Mjólkár er leiðin sú sama og lýstvar undir a, en frá Mjólká er gert ráð fyrir að línan fari út norðurströnd Borgarfjarðar um Hjalldárfjarðarhlíð og út ströndina allt til Hrafnseyrar. Leið þessi hefur enn ekki verið athuguð nákvæmlega en hún virðist mun vera vel fær. Snjóflóðahætta

er ekki talin svo mikil að vandkveði séu á að leggja línuna örugglega. Nokkur hætta mun vera á skriðum og grjóthruni en talið svo að línunni stíti að stafa hætta af því. Flutningar eru tiltölulega auðveldir því línan liggur meðfram sjó. Vegalengdin frá Mjólkárvirki til Hrafnseyrar er um 14 km.

Frá Hrafnseyri fer línan norður Hrafnseyrarheiði meðfram þjóðveginum niður á móts við Brekku í Dýrafirði en beygir þá inn á við og niður að Hvammi. Leið þessi er torfarulaus. Hæðsti hluti hennar er um 550 m. yfir sjó. Flutningar verða auðveldir þegar vegur hefur verið lagður yfir heiðina, en hann er nú kominn dálítið áleiðis. Vegalengdin frá Hrafnseyri að Hvammi er um 13 km en frá Mjólká að Hvammi 27 km. og frá Dynjanda um 34 km.

e) Skarðanúpsleið. Eins og áður er getið er hér reiknað með að fara með norður- og suðurálmu háspennulínunnar sameiginlega út á móti Skarðanúp en aðgreina þær þar, leggja suðurálmuna áfram yfir Suðurfirði, svo sem áður er gert ráð fyrir en leggja norður álmuna í sæstreng norður til Hrafnseyrar og síðan áfram eins og gert var ráð fyrir undir "b". Þessi leið virðist vera mjög auðveld og torfarulaus en sé ókostur er við hana að leggja þarf sæstreng yfir norðurálmuna Arnarfjarðar. Vegna þess að sæsini liggur yfir Arnarfjörð frá fremri enda Skarðanúps og til Hrafnseyrar er hér ráðgert að leggja sæstrenginn nokkru innar, eða frá Reykhóli í Mosdal til Hlaðseyrar um 2 km. innan við Hrafnseyri.

Vegalengdir eru:

Frá Dynjanda að Reykhóli (greinistað suður og norðurálm) 9 km. og frá Mjólká að Reykhóli 16 km. Sæstrengur frá Reykhóli að Hlaðseyri 3 km. Frá Hlaðseyri um Hrafnfjarðarheiði að Hvammi í Dýrafirði um 15 km.

Yfirlit um línuleiðir.

A. Suðurlína.

	Loftl. km.	Sæstr.
Frá Dynjanda að Suðurfjörðum á móti Bíldudal	15,5	
Yfir Suðurfirði að Haganesi innan við Bíldud.		4
Frá Haganesi að Sveinseyri um Hálfánarveg	16,5	
Yfir Tálknafjörð		0,5
Frá Stekkjarbakka, sunnan við Tálknafjörð að Vatneyri við Patreksfjörð	<u>7,0</u>	<u>39</u> <u>4,5</u>
Dverlína frá Haganesi til Bíldudals		<u>2</u>
	41	4,5

B. Norðurlínur.

1) Hrafnseyrarleið.

Frá Dynjanda að Mjólkárvírkjun	7	
Frá Mjólkárvírkjun að Hvammi í Dýrafirði um Hrafnseyrarheiði	27	
Yfir Dýrafjörð frá Hvammi		1,3
Frá Dýrafirði að Breiðdal í Önundarfirði	18	
Frá Breiðdal í Önundarfirði að orkuverinu í Engidal	<u>12</u>	<u>64</u> <u>1,3</u>
Dverlína frá Hvammi í Dýrafirði til Þingeyrar		2
Dverlína frá Breiðdal í Önundarfirði til Flateyrar		
	<u>7</u>	
Flyt	73	1,3

	Loftl.	Sastr.
Flutt	73	1,3
Frá greinistað norðan Breiðdalsskarðs að greining Súgandafjarðar og Bolungarvíkurlínu við Búrfell	2	
Frá greinistað Bolungarvíkurlínu að Suðureyri	14	
Frá greinistað Súðavíkurlínu að Bolungarvík	<u>12</u>	28
	101	1,3

2) Skarðanúpsleið.

Frá Mjólka að Dynjanda (Suðurlína og Norðurlína, sameiginlegar)	7	
Frá Dynjanda að Reykhóli í Mosdal (Suðurlína og Norðurlína sameiginlegar)	9	
Frá Reykhóli að Hlaðseyri, innan við Hrafnseyri		3
Frá Hlaðseyri að Hvammi í Dýrafirði	15	
Yfir Dýrafjörð frá Hvammi		1,3
Frá Dýrafirði að Breiðdal í Önundarfirði	18	
Frá Breiðdal að orkuverinu í Engidal	<u>12</u>	61
Þverlína frá Hvammi í Dýrafirði til Þingeyrar		2
Þverlína frá Breiðdal í Önundarfirði til Flateyrar		<u>7</u>
Flyt	70	4,3

Loftl. Sæstr.

Flutt 70 4,3

Frá greinistað norðan við Breiðdalsskarð		
að greining Súgandavíkurlínu og Bolungar-		
víkurlínu við Búrfell	2	
Frá greinistað við Búrfell að Suðureyri	14	
Frá greinistað við Búrfell að Bolungarvík	<u>12</u>	28
		<hr/>
		98 4,3